

Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um málefni Sjúkrahússins á Akureyri.

Frá Berglindi Ósk Guðmundsdóttur.

1. Mun ráðherra beita sér fyrir því að efla þjónustu Sjúkrahússins á Akureyri, t.d. með því að gera samning við sjúkrahúsið um hjartaþræðingar?
2. Hyggst ráðherra skilgreina hvað felst í því að vera varasjúkrahús Landspítala eins og stendur í lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007? Ef svo er, með hvaða hætti?

Skriflegt svar óskast.